Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókn:

- Kostnaðaráætlun
- Tilboð verktaka
- Samþykki húsfélags fyrir breyttri notkun bílastæða

Að loknu verki skal skila afriti af kvittunum fyrir öllum kostnaði sem sótt er um styrk fyrir, yfirlýsingu löggilds rafverktaka um að verki sé lokið og uppfylli allar kröfur þ.m.t. lokatilkynning til Mannvirkjastofnunar, ljósmynd af hleðslustöðvum og er þá greiddur út styrkurinn.

Gerð er krafa um að viðkomandi húsfélag reki hleðsluaðstöðuna í að minnsta þrjú ár frá uppsetningu, að öðrum kosti áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefja húsfélagið um endurgreiðslu styrksins.

² Hámarks styrkupphæð til hvers húsfélags er 1,5 m.kr, ein og hálf milljón króna, þó aldrei meira en sem nemur 67% af heildarkostnaði verksins með virðisaukaskatti. Styrkur er greiddur í samræmi við framlagða reikninga.

³ Ljúka skal framkvæmdum innan 6 mánaða frá því umsókn er samþykkt. Sé framkvæmdum ekki lokið innan þess tíma fellur vilyrði um styrk niður og þarf að sækja um að nýju.

KOSTNAÐARÁÆTLUN

DAGSETNING: 05. OKTÓBER 2020

UNNIÐ FYRIR:

Húsfélag Skúlagötu 20
Kt. 610798-2419
Skúlagata 20
101 Reykjavík

Tengiliður: Ásthildur Brynjólfsdóttir

LÝSING	MAGN	VERÐ án vsk	VERÐ m/vsk	Samtals án vsk	Samtals m. vsk
1. Hleðslustöð	2	206.371 kr án vsk	255.900 kr m/vsk	412.742 kr án vsk	511.800 kr m
2. Rafverktaki – vinna Gera lagnaleiðir klárar, tenging og prófun	1	269.355 kr án vsk	334.000 kr m/vsk	269.355 kr án vsk	334.000 kr m/vsk
3. Rafverktaki – efni Rör, öryggi, lekaliðar, kaplar,	1	-	142.200 kr m/vsk	-	142.200 kr m/vsk
4. Jarðverktaki – vinna Upprif á hellum, mokstur, leggja rör, helluleggja, frágangur	1	1.048.387 kr án vsk	1.300.000 kr m/vsk	1.048.387 kr án vsk	1.300.000 kr m/vsk
5. Undirstöður 3 sökklar,	3	-	74.900 kr m/vsk	-	224.700 kr m/vsk
6. Undirstöður 2 brunnlok	2	-	22.350 kr m/vsk	-	44.700 kr m.vsk
7. Undirstöður festing	1	-	37.900 kr m/vsk	-	37.900 kr m.vsk
8. Undirstöður Staur	1	-	68.900 kr m/vsk	-	68.900 kr m.vsk
9. Heimtaug Heimtaugargjald	1	255.379	279.470 kr m/vsk	255.379 kr án vsk	279.470 kr m/vsk

Samtals verkþættir án vsk: 1.779.492 kr

Samtals heildarverk m/vsk 2.943.670kr

Ísorka sér um verkefnastjórn

Samið er um greiðslu við Húsfélag.

Við upphaf verk er Gerður þjónustusamningur við Ísorku um rekstur hleðslustöðvar.

3.10.2020 - kl. 10.00 í íbúð 609

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar, haldin hjá Ásthildi formanni, sem bauð i morgunmat og forspjall af því tilefni. Mætt voru Ásthildur formaður, Sólveig gjaldkeri, Þórhallur og Friðrik, meðstjórnendur.

Ástmar skrifar fundargerð í fjarveru Borghildar ritara.

1. Ásthildur býður nýja stjórn velkomna.

2. Samþykkt var á Aðalfundi að leiðrétta skiptitölu hitakostnaðar eftir tillögu lögfræðistofu og hækka framlag í Framkvæmdasjóð frá og með 1. Nóvember (sem nemur 250.000 á mánuði - 3.000.000 á ári)

3. Hleðslustöð fyrir rafmagnsbíla var samþykkt á Aðalfundi. Stjórnin var búin að vinna nokkra forvinnu - tvö tilboð bærust og samþykkt að fylgja eftir tilboði frá Ísorku.

4. Lekatjón í íbúðum 501 og 502 - frá íbúð 601. Samþykkt að lögfræðingur sendi Árna Helgasyni bréf með kröfu um að iðnaðarmenn á vegum VARDAR komist til viðgerðar á leka sem kemur frá íbúð 601.

5. Tilboð frá HKS í viðgerð á múr/viðarskemmdum á svölum. Tilboð kom líka frá Hafsteini Sveinssyni og gaf tilboð í 4 svalir upp á 600.000 -700.000 kr. Hann var beðin um frekari skýringu á hvað væri innifalið svo sem tréverk og viðgerð á neyðarsvölum. Eins á hvaða tímakaupi tilboðið byggir á. Þórhallur skoðar kringumstæður með húsverði, áður en tilboði verði tekið.

6. Staða sjóða - er bærileg, nema fjara í Framkvæmdasjóði, en dugar.

ANNAD:

Stjórnin skrifaði undir Ársreikning 2019 á stjórnarfundi 18.6. 2020 Tekið var eftir að aðalfundurinn var tekinn upp á síma - en ekki nógu timanlegatíl að geta stoppað það.

Ásthildur las yfir fundargerð síðast aðalfundar - og leiðrétti smávegis teksta.

Fundi slitið kl. 11.30

Torbjörg Þórunn
Þórhallur Sveinsson
Sólveig Jónsdóttir
Ástma Björnsdóttir

Aðalfundur Húsfélagsins Skúlagötu 20 - 29. september 2020 kl. 15:00 í bílakjallara hússins.

Dagskrá:

1. Fundur settur. Kosning fundarstjóri og fundarritari
2. Ávarp formanns
3. Skýrsla stjórnar
4. Framlag ársreikninga til samþykktar
5. Kosning stjórnar
6. Kosning varamanna
7. Kosning skoðarananna reikninga
8. Breyta innheimtu í blufallsskiptan sjóð samkvæmt núverandi lögum.
9. Hækka greiðslu í framkvæmdasjóð sem greitt er í samkvæmt eignarhlutfalli í húsinu um kr. 250.000, eða 3.000.000 á ári.
10. Framkvæmdaráætlun ársins 2020
 - a. Setja upp hléðslustöð fyrir hléðslu rúfilla og notfæra allt að 1,5 milljón króna styrk frá Reykjavíkurborg og 100% endurgreiðslu á VSK af bæði vinnu og efri sem er nú í gildi.
11. Íslandsbanki hefur bætt að senda út greiðsluseðla í pósti. Eigendur sem vilja fá senda greiðsluseðla í pósti greiði kostnað vegna prentunar og sendingar seðla.
12. Kynning íbúa í húsinu og kosning um tilboð Eignareksturs ehf. um bókhaldslega rekstrarþjónustu o.fl. (þjónustuleið 2)
13. Önnur mál
Fundargerð lesin og samþykkt
Fundu slitið

Ath. Tillögur að fólki í stjórn og mál sem eiginendur vilja láta fjalla um skal skilað skriflega í pósthólf Hússtjórnar, eða til fundarstjóra í upphafi fundar.

16.09.2020

Stjórnin

Formaður setti fund kl. 15:07 og bauð félaga velkomna á aðalfund húsfélagsins Skúlagötu 20. Lagði til að Kristján Ari Arason yrði fundarstjóri og að Kristín Robertsóttir ritaði fundargerð, tillögurnar samþykktar samhljóða.

Kristján Ari Arason þakkaði traustið, kvað það ávallt tillitsskiptarefni að vera fundarstjóri hjá húsfélaginu. Sagði tímarsa skritna. Menn þurfi að fara með gát og passa upp á sig, þessi staða hindri félagsstörf og samneyti sem þyki sjálfsögð. Til stóð að halda aðalfundinn í vor skv. lögum um fjöleignarhús en veiran kom í veg fyrir það. Tilmæli komu frá félagsmálaráðuneyti þar sem húsfélög voru hvött til að fresta fundum fram á haust. Ákveðið var að halda fundinn nú og til þess að félagið sé virkt þarf að funda. Fundarstjóri sagði kjöræðstæður ekki í köldum bílakjallara og stefnan sé því að hafa fundinn stuttan og að honum verði lokið innan eins og hálfis tíma. Stærri mál þyrftu að hída en fundarinn kysi um það. Kallar eftir því að ef fundarmenn væru fundarstjóra ósammála í fundarstjórn láti þeir fundarstjóra vita. Sagði menntun sína sem félagsálfraeðing oft reynast vel jafnvel á aðalfundum húsfélaga. Húsfélög byggji störf sitt á félagslegri samheldni. Lög um fjöleignarhús mynda rammann um rekstur húsfélaga en þegar allt kemur til alls byggir samstarf í félögum á samvinnu og samheldni félagsmanna og mikilvægt er að standa saman, ekki sist á tímum sem þessum.

Fundarstjóri tók fram áður en gengið var til dagskrár að fyrst hafi verið boðið til fundar í apríl, svo í ágúst og síðan í 6. september sl. og sagði fundarboðun uppfylla skilyrði laga um aðalfund. Engin andmæli komu við því. Síðan las fundarstjóri upp dagskrá fundarinn.

Því næst var gengið til dagskrár. Að ósk formanns las fundarstjóri ávarp formanns þar sem farið var yfir óeigingjörm stöf stjórnarmanna og húsvæðar undanfarið ár. Farið var yfir verkefni liðinna ára, m.a. glerskipti og viðhald. Hefur vinna ýmissa stjórnarmanna sparad félaginu mikið fé. Í fítíma húsvæðar hafa stjórnarmenn húsvæðarsinsáun og sírna ýmsum störfum húsvæðar eftir atvikum. Sagði stjórn vera í samtali við Neyðartíuna varðandi lyklabox við útidyr hússins.

KR

Fundarstjóri las skýrslu stjórnar en þar kom fram að Hjalti Sigmundsson hafi haft umsjón með gjerskiptunum, Verkið óx frá upphaflegri áætlun og urðu á því ýmsar tafir, Skipta þarfti um alla glerlistir og mikið gler bættist við, kostnaður tapar 11 milljónir í heildina, egr. Vsk. af vinnu var alls 1,2 milljónir. Leitað var tilboða hjá 4 aðilum og boðu 3 í verkið, Hús í hús varð síðan fyrir valinu. Í framhaldi átti að þvo glugga en því var frestað til vorsins 2020 og sá Húsfélagahjónustan um það. Í samræmi við ákvörðun síðasta aðalfundar var aðild að Húseigendafélaginu sagt upp. Rekstur bílajakjallara var skilinn frá rekstri húsfélagsins. Leitað var álita lögfræðistofu vegna notkunar á skiptitölum. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur úrskurðað um kærnu Húsfélagsins vegna ákvörðunar Borgarráðs Reykjavíkur um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi fyrir hluta Skólagænisvæðis. Ákvörðun Reykjavíkurborgar frá 7. júní 2018 um að samþykkja breytingu á deiliskipulagi að því er varðar fyrirhugaða byggingu að Frakkastíg 1 var felld úr gildi.

Stjórnin kannaði kosti þess að láta utanaðkomandi fyrirtæki, Eignausjón eða Eignarekstur, hjónusta félagið og sá stjórn ekki ávinning í því. Að norðanverðu voru settir hlífðarstokkar um niðurfallsrífe og niðurföll löguð, enn fremur voru ljós á stólpum endurnýjuð, Unnið var við lofttræstingu á jarðhæð og víftu skv. ákvörðun síðasta fundar.

KAA sagði skýrslu stjórnar ekki til atkvæðagreiðslu en leitaði eftir athugasemdum eða skoðun fundarmanna við skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir gerðar við skýrslu stjórnar.

Ársreikningar hefur verið sendur til íbúðareigenda, Fundarstjóri las áritun Jóhanns Jóhannessonar sem undirrituð er 4. apríl sl., þar er líka að finna áritun skoðunarmanna sem ekki hafa gert athugasemdir við ársreikninginn, ásamt undirritun stjórnarmanna. Málfríður Freyja Arnórsdóttir gerir athugasemd við að þá væri dagsetningu við áritun stjórnar og skoðunarmanna.

Jóhann fór yfir ársreikninginn sem samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi. Sagði að skv. lögum um fjöleiginshús sé gert ráð fyrir því að á aðalfundi skuli ársreikningur lagður fram, ekki skylda að dreifa bonum fyrr.

Sagði ársreikninginn vera oðinn stærri og skýrari með árunum. Rekstrartekjur húsfélagsins voru alls 23.098.768.- Rekstrargjöldin eru 17.006.399.- Hagnaður ársins 6.167.672.- Þær kröfur sem voru útlitastandi um áramót greiddust strax á nýju ári. Hússjóður er 10.390.887.- og skiptist þannig framkvæmdasjóður 2.533.412.-, bilageymslusjóður skuldar félaginu 7.055.-, almennur hússjóður er 7.864.530.-. Skuldir og eigið fé alls 12.546.265.-

Oppað var fyrir umræður um ársreikninginn.

Málfríður Freyja spyr um frystiklefa, fram kom að ein íbúð í húsinu notar sameignarráfinnagn fyrir frystiklefan. Greta Tómasdóttir biður um að endurteknar séu spurningar því illa heyrir í stjórnarmönnum. Málfríður Freyja segist ósatt við að hafa fengið ársreikninginn með svo stuttum fyrirvara. Fundarstjóri bendir á að ársreikningar skuli liggja frammi á aðalfundi, segir enn fremur að félagsmenn hafi aðgang að stjórn félagsins og bókhaldi félagsins til skoðunar. Ástmar trokar að stjórn ber hagsmuni félagsmanna fyrir brjósti. Ekki voru fleiri athugasemdir, ársreikningarir bornir fram og samþykktir með þorra greiddra atkvæða gegn þremur. Stjórn mun sjá um að dagsetja reikningana.

Þá var komið að kosningum. Formaður Ásthildur Brynjólfssdóttir gaf kost á sér og var hún samþykkt með lófataki. Úr stjórn ganga Ástmar Ólafsson og Málfríður Freyja Arnórsdóttir, í þeirra stað bjóða sig fram Sólveig Jónsdóttir og Þorghildur Sigurðardóttir. Fundarstjóri kallaði eftir framboðum, engin komu fram og voru þær samþykktar samhljóða með lófataki. Sömu varamenn gefa kost á sér og áður, þeir Friðrik Dagsson og Þórhallur Sveinsson, kallað var eftir fleiri framboðum, ekki komu fleiri fram og voru þeir samþykktir samhljóða. Var þá komið að kosningu skoðunarmanna reikninga, Jónína Þorgrímsdóttir gefur áfram kost á sér og Ástmar Ólafsoni býður sig fram í stað Sólveigar Jónsdóttur, ekki komu fleiri framboð og voru þau samþykkt samhljóða.

Ásthildur þakkaði Ástnari fráber störf í þágu félagsins með blómaskreytingu.

Ásthildur segir Jóhann Jóhannesson hafa unnið að því að leiðrétta gjöld og innheimtu þeirra og koma í rétt lag. Innheimt hafi verið í jafnskiptasjóðinn eftir rangri skiptitölu og það hafi verið leiðrétt. Íbúar komi því til með að sjá aðeins aðrar tölur á greiðsluskiðum sínum. Með þessu atti reksturinn að vera réttur.

Lögfræðistofla hefur farið yfir málið og nú er greitt eftir því sem segir í eignaskiptasamningi. Engar umræður voru um þetta mál.

Lögð var fram tillaga um að hækka greiðslu í framkvæmdasjóð. Ásthildur segir hækkinguna verða frá 2-4 þúsund kr. á mánuði eftir stærð íbúða, verið sé að tvöfalda framlag íbúðareigenda í framkvæmdasjóð. Segir steyppviðgerðir fram undan og hækking nauðsynlega, áriðarði að góður framkvæmdasjóður sé til staðar. Fundarstjóri bendir á að framkvæmdasjóður sé eign hverrar íbúðar. Málfríður Freyja biður um orðið, á aðalfundi í fyrra var sama hækking lögð fram, hækkingin talin gilda bara í ár en formaður segir það ekki rétt. Ítrekaði að brýnt væri að hafa góðan framkvæmdasjóð.

Önnu Kristínu Arngrímsdóttur finnst hækkingin mikil. Málfríður Freyja segir húsgjöldin hafa hækkað um 30% frá því hún flutti í húsið og finnst það mikið. Ástmar bendir á að 2012, eftir að miklar viðgerðir voru unnar á blokkinni, hafi verið ináægn í framkvæmdasjóði upp á 18 milljónir. Á undanföllum árum hafi verið gengið á þarri sjóð og greiðslur í framkvæmdasjóð ekki hækkaðar á meðan, nú er komið að þeim tímamótum að peninga er þörf og þess vegna var hækking lögð fram í fyrr og svo aftur núna. Málfríður Freyja spyr hvort ekki hafi verið gerð framkvæmdaáætlun. Tillagan liggur fyrir og er borin upp, samþykkt með þessa greiddra atkvæða gegn þremur.

Fram kom tillaga um að setja upp hleðslustöð fyrir rafbil og notfæra sér allt að 1,5 milljón króna styrk frá Reykjavíkurborg og 100% endurgreiðsla á VSK. Því ætti kostnaður húsfélagsins við þetta að vera í kringum ein milljón. Eldey Hauksdóttir sem er nýflutt í húsið fagnar tillögunni og hvetur eigendur til að setja upp hleðslustöð sér í lagi meðan borgin er með þessa styrki. Eingöngu eigendur hafi aðgang að hleðslustöðvum þessum. Formaður bendir á að í tillögunni sé gert ráð fyrir einni stöð sem hleður 2 bíla en með einföldum hætti verði hægt að fjölga þeim. Fleiri tjóðu sig ekki um tillöguna, hún var borin upp og samþykkt samhljóða.

Málfríður Freyja spyr um lækkingu á skrifstofukostnaði. Ásthildur skýrði það mál.

Formaður benti á að Íslandsbanki sendi ekki lengur greiðsluseðla en ef menn vilji fá greiðsluseðla þá borgi viðkomandi kostnaðinn við það, íbúðareigendum bent á að láta stjórni vita.

Þá var komið að kynningu íbúa í húsinu um tilboð Eignareksturs. Fundarstjóri segir þetta mál hafa verið til skoðunar hjá stjórn fyrr á árinu.

Málfríður Freyja biður um orðið, segir það gífurlega vinnu að vera í stjórn og segir ekki í boði að leggja slíka vinnu á stjórnarmenn. Ræðir um neyðarsímann, segir fólk vilja lifa í samlyndi, vera í góðu samstarfi. Segir of mikið álag á stjórnarmönnum og húsverði og erfiðleika þeirra við að afla tilboða og fleira. Bendir á samanburðarblað og vill að stjórnarmönnum séu gerð störfin léttari og segist óska þess að betra útarumbald væri á málum húsfélagsins. Þegar þar var komið kom fram dagskrártillaga frá Ólafi Hauki Arnasyni. Hann þakkar fyrir fundinn, hvernig stjórnin var kosin og samstöðuna í húsinu. Segir velliðan hafa verið í húsinu en síðan hafi borið á draugagangni í félaginu. Finnst ótæk þessi hugmynd og leggur fram tillögu í nafni þeirra sem hafa verið hér í húsi lengst að málinu verði vísað til stjórnar. Fundarstjóri segir að dagskrártillogu eigi að bera fram án umræðna og spyr hvort einhver geri athugasemdir við fundarstjórnina. Sve var ekki og var dagskrártillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn fjórum.


Undir liðnum önnur mál ræddi Ásthildur vinnuálag í stjórninni og vill taka það fram að hún sjái ekki eftir tímanum sem fer í starfið, ber hlýbug til hússins, núverandi og fyrrverandi íbúa hússins.


Sigurblót húsverður biður um orðið, vísaði málfloðningi Málfríðar Freyju alfarið á bug og sagðist sinna sinni vinnu með glöðu geði. Minntist á að íbúar mættu flokka ruslið betur. Þakkaði fyrir sig og gott samstarf við íbúa og stjórn. Sólveig Jónsdóttir segir að það hafi áður verið búið að kynna þjónustu rekstrarfyrirtækja og ekki hafi verið áhugi á því. Fleiri kváðu sér ekki hljóðs.

Mættir voru fulltrúar 47 íbúða, 62,67%

Fundargerð lesin og samþykkt án athugasemda.

Fundi slitið.


Kristján Ari Arason


Kristín Robertsdóttir

YFIRLÝSING STJÓRNAR

DAGSETNING: 05. október 2020

UNNIÐ FYRIR:

Húsfélag Skúlagötu 20
Kt. 610798-2419
Skúlagata 20
101 Reykjavík


Tengiliður: Ásthildur Brynjólfsdóttir

Á löglega boðuðum fundi Húsfélags Skúlagötu 20 sem haldin var Þriðjudaginn 29. September 2020 kl: 10:00 var samþykkt að koma upp hleðslulausn á sameiginlegu bílastæði blokkarinnar sbr. Tilboð frá fyrirtækinu Ísorku fyrir umaókn í styrk til Reykjavíkurborgar.

Tilboð sem var samþykkt:

2.943.670 kr. m/vsk.

Uppsetning hleðslukerfis innifalið Jarðverktaki, Rafverktaki, efniskostnaður og 2 hleðslutenglar.



F.h. Húsfélagsins Skúlagötu 20

Mynd sem sýnir áætlun fyrir uppsetningu hleðslustæða



TILBOÐ FYRIR SKÚLAGÖTU 20

Samtals
2.943.670 kr. m/vsk.

Innifalið er stöð með festingu, 3 sökklar, jarðverktaki, rafverktaki vinna og efni, götukassi, 2 brunnlok, lágmarks heimtaugargjald og verkefnastjórnun af Ísorku.



GRUNNUR

Heimtaug – Götukassi
Jarðverktaki vinna + sökklar
Rafverktaki – efni og vinna

2.362.970 kr.
m/vsk.



HLEÐSLUSTÖÐ

2 x ICU Alfen Mini
m/Staur
Tilboð

580.700 kr. stk
m/vsk.



ÞJÓNUSTA

Mánaðargjald
Tenging við Ísorku
Verð miðast við 1 tengipunkt

1.990 kr.
með vsk. per tengipunkt

Ísorka rekur stærsta hleðslunet á Íslandi í dag. Dæmi sem um aðila sem nýta sér hleðslustöðvar Ísorku eru Reykjavíkurborg, Hafnarfjarðarbær, Mosfellsbær, Orkustofnun, Olís, Landsvirkjun, Norðurorka, Isavia, Íslandsbanki og EIK fasteignafélag. Í hverjum mánuði bætast við fleiri stöðvareigendur og með því stækkar hleðslunet Íslendinga.

Ísorka ehf (450808-1560) og Skúlagata 20, húsfélag (6107982419) gera með sér samning með rekstur hleðslukerfis fyrir rafbíla á sameiginlegu bílastæði ásamt tengingu með hugbúnað Ísorku ehf.

Við undirritun hans samþykkja báðir aðilar skilmála samnings.

Skilmálar þessir fjalla um samning milli Ísorku ehf (þjónustuveitanda) og viðskiptavinar (eigandi hleðslukerfisins)

1. Þjónusta og búnaður sem Ísorka leggur til er

- Vöktun á hugbúnaði sem tengist hleðslustöðvum.
- Vöktun á hleðslustöðvum sem tengist Ísorku.
- Aðgangsstýringu.
- Ef bilun kemur upp í hleðslustöð greinir Ísorka bilunina og gerir hleðslustöðvareiganda viðvart. Ef bilun er í hugbúnaði sér Ísorka um að laga það.
- Að hleðslustöð sé ávallt tengd við stjórnstöð Ísorku allan sólarhringinn.
- Að miðla í rauntíma stöðu um hleðslustöð í gegnum Ísorku App.
- Fjarskipti til að tryggja samskipti við hleðslustöð (SIM kort).
- Leiðbeiningar/þjónustusíma fyrir notkun á hleðslustöð.

2. Ísorka ábyrgist ekki

- Tjón vegna skemmdarverka, ákeyrslu á hleðslukerfi, hleðslustöð eða annarra þátta sem rekja megi til notanda Ísorku.
- Skemmd á bíl eða tæki notanda Ísorku.
- Rafmagnsleysi eða annarra utanaðkomandi þátta úr raforkuneti svo sem spennufalls eða yfirspennu.
- Skemmd á búnaði að völdum rangrar notkunar.
- Misnotkun á hugbúnaði.
- Bilunar í samskiptum við stöð er rekja má til GSM farsímanets.

3. Áskrift, greiðslur og notkun

- Áskrift er greidd mánaðarlega, nema um annað sé samið. Innifalið er vöktun, farsímanet, gæðaeftirlit, hugbúnaður, neyðarsími allan sólarhringinn og álagstýring á rafmagni.
- Áskriftargjald er:
 - 990 Kr. á mánuði per stöð í vöktun utandyra. Einungis aðgengileg Íbúum + 3 kr. kWst fyrir greiðslumiðlun
 - 1.990 kr. Á mánuði per stöð í vöktun utandyra. Aðgengileg almenningi + 3 kr. kWst fyrir greiðslumiðlun
- Verðbreytingar eru sérstaklega kynntar af Ísorku með fyrirvara.
- Samningurinn þessi er bundinn í 2 ár, eftir þann tíma gildir ákvæði um uppsagnarfrest.
- Uppsagnarfrestur þjónustusamnings er 6 mánuðir. Uppsögn tekur gildi 1. næsta mánaðar.

4. Viðskiptavinur Útvegar

- Raforku á hleðslustöð.
- Tengilið við Ísorku (t.d. formaður, bílhússtjórn eða húsvörður).
- Samskiptabúnað ef þarf (modem – router – deila).

5. Hleðslustöðvar og kerfi

- Íbúi hefur aðgang að sinni stöð í sínu skýi og síma.
- Óheimilt er að eiga við búnað eða tengja aðrar stöðvar inn í götukassa án aðkomu Ísorku.
- Ef flytja eða fjarlægja á hleðslustöð er mikilvægt að láta Ísorku vita með fyrirvara svo unnt sé að aðlaga kerfi.

6. Ágreiningur

- Rísi ágreiningur milli samningsaðila má mál um þann ágreining reka fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Fyrir hönd Ísorku

F.h. Skúlagata 20, húsfélag

Dagsetning / Staður

Vottur 1 / kt.

Vottur 2 / kt.



RE: RE: Skúlagata 20 - Styrkur vegna hleðslu rafbíla

Bréf

Málsnúmer: USK2020050007

Bréfalyklar: 5.27 Rafhleðslustöðvar

Eigandi skjals: Guðmundur B. Friðriksson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 20.10.2020

Dagsetning skjals: 20.10.2020

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Jakob Sigurður Friðriksson"

<jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Skjalalykill Móttökudags.	5.27 Rafhleðslustöðvar 20.10.2020	Málsnúmer Skráð í GoPro	USK2020050007 20.10.2020
------------------------------	--------------------------------------	----------------------------	-----------------------------

Tegund skjals Efnisorð	Bréf	Fyrir Borgarráð
---------------------------	------	-----------------

Sent:

Sent til:

Notandi: "Jakob Sigurður Friðriksson" <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Dagsetning: 20.10.2020 09:07:43

Til: "Guðmundur Benedikt Friðriksson" <gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is>

Efni: RE: RE: Skúlagata 20 - Styrkur vegna hleðslu rafbíla

Já

Sent from my Samsung Galaxy smartphone.

----- Original message -----

From: gudmundur.b.fridriksson@reykjavik.is

Date: 19/10/2020 22:47 (GMT+00:00)

To: Jakob Sigurður Friðriksson <jakob.sigurdur.fridriksson@or.is>

Subject: Fw: RE: Skúlagata 20 - Styrkur vegna hleðslu rafbíla

Sæll Jakob

Eftirfarandi er umsókn fyrir Skúlagötu 20 ásamt fylgiskjöllum. Samþykkir OR styrkumsóknina?

Kveðja,

Guðmundur

Notandi: "Birna Kristjánsdóttir" <Birna@isorka.is>

Dagsetning: 15.10.2020 11:20:48

Til: "Rafbílar" <rafbilar@reykjavik.is>

Afrit til: "Húsfélag Skúlagötu 20" <husfelagidskulagotu20@simnet.is>

Efni: RE: Skúlagata 20 - Styrkur vegna hleðslu rafbíla

Góðan dag,

Húsfélagið í Skúlagötu 20 samþykkti á löglega boðuðum fundi, tilboð frá Ísorku um að setja upp hleðslulausn á sameiginlegu bílastæði við sameign sína.

Í viðhengi eru öll þau skjöl útfyllt sem þurfa að fylgja umsókn.

Formaður húsfélags í Skúlagötu 20 eru í Cc í þessum pósti.

Hvenær má ég eiga von á að fá staðfestingu á styrk?

Kær kveðja / Best regards,

photo

Birna Kristjánsdóttir
Sölustjóri / Sales Manager

S [+354 568 7666](tel:+3545687666)

Komum rafmagni í umferð - www.isorka.is

[\[IMAGE\]](#)

[\[IMAGE\]](#)

[\[IMAGE\]](#)

[\[IMAGE\]](#)

From: Birna Kristjánsdóttir
Sent: 15 October 2020 09:08
To: Rafbílar <rafbilar@reykjavik.is>
Cc: Húsfélag Skúlagötu 20 <husfelagidskulagotu20@simnet.is>
Subject: Skúlagata 20 - Styrkur vegna hleðslu rafbíla

Góðan dag,

Húsfélagið í Ljósheimum 8-12 samþykkti á löglega boðuðum fundi, tilboð frá Ísorku um að setja upp hleðslulausn á sameiginlegu bílastæði við sameign sína.

Í viðhengi eru öll þau skjöl útfyllt sem þurfa að fylgja umsókn.

Formaður húsfélags í Skúlagötu 20 eru í Cc í þessum pósti.

Hvenær má ég eiga von á að fá staðfestingu á styrk?

Kær kveðja / Best regards,

photo

Birna Kristjánsdóttir
Sölustjóri / Sales Manager

S [+354 568 7666](tel:+3545687666)

Komum rafmagni í umferð - www.isorka.is

[IMAGE]

[IMAGE]

[IMAGE]

[IMAGE]